

**Rektoraskipti í Háskóla Íslands.  
Hátíðarsalur HÍ, 30. júní 2015.**

Forsætisráðherra. Mennta- og menningamálaráðherra.  
Fyrrum forseti Íslands. Fyrrverandi ráðherrar.  
Fyrrverandi rektorar. Kæra samstarfsfólk. Góðir gestir.

Fyrir 10 árum stóð ég á þessu sviði í fyrsta sinn þegar Páll Skúlason afhenti mér tákni rektorsembættisins. Það er eins og gerst hafi í gær! Páls er sárt saknað hér í dag. Við minnumst hans af virðingu og þökk fyrir allt sem hann var Háskóla Íslands – hugsjónamaður og traustur leiðtogi.

Á þessum degi er mér efst í huga þakklæti. Fyrst og fremst þakklæti fyrir að hafa *fengið* að gegna embætti rektors Háskóla Íslands.

Það hafa verið einskær forréttindi að kynnast því kraftmikla fólk sem starfar hér að kennslu, vísindum, stjórnsýslu, stoðþjónustu, nýsköpun - ósérhlífni þess og metnaði við að tryggja að kjarnastarfsemi skólans verði eins farsæl og mögulegt er. Fyrir þetta vil ég þakka.

Stúdentar hafa tekið virkan þátt í uppbyggingu skólans - lagt af mörkum til rannsókna og nýsköpunar, tekið þátt í stjórnun, staðið eins og klettur með skólanum í mótviðri eftir efnahagshrunið. Fyrir þetta vil ég þakka.

Árið 2005 brautskráði Háskóli Íslands 1.200 stúdenta. Á árinu 2015 munu brautskrást rúmlega 3.000 stúdentar,

eða meira en tvöfalt fleiri, og er þetta skýr vitnisburður um vöxt skólans á 10 árum.

Þegar ég horfi um öxl, kemur fyrst upp í hugann stefnumótun haustið 2005 þegar skólinn setti sér ögrandi markmið sem við höfum sótt að af fullum krafti síðan. Stjórnvöld studdu framtíðarsýn skólans, bæði í orði og í verki, og gerðu samning um fjármögnun til stuðnings stefnunni. Samningurinn var afkastatengdur, skólinn skuldbatt sig til að ná tilgreindum áfangamarkmiðum. Ég vil þakka Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur þáverandi menntamálaráðherra og ríkisstjórn Geirs Haarde fyrir stuðninginn og fyrir að deila með okkur þeirri sýn að Háskóli Íslands þjóni íslensku samfélagi best með að setja markið hátt og fylgja markmiðum fast eftir.

Endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands og sameining við Kennaraháskóla Íslands voru umfangsmikil verkefni. Nú er unnið eftir nýrri aðgerðaráætlun um endurskoðun og eflingu kennaranáms við skólann með sérstakri áherslu á stærðfræði, læsi, náttúrufræði og íslensku.

Efnahagshrunið 2008 leiddi til þess að samningnum um fjármögnun stefnu skólans var rift. Það var okkur öllum mikið áfall. En hugurinn stefndi áfram upp á við og skólinn hefur unnið ótrúlega sigra þrátt fyrir mótlæti. Það er árangur af **einurð og stefnufestu** starfsfólks og stúdenta.

Við höldum upp á aldarafmæli allt árið 2011 með fjölbreyttri dagskrá og áherslu á miðlun til almennings, þar á meðal til barna, hér í Reykjavík og víða um landið. Á þessum tímamótum stofnuðu ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og Alþingi Aldarafmælissjóð Háskóla Íslands í víðtækri sátt allra stjórnmalaflokka til að gera skólanum kleift að leggja með afgerandi hætti til framfara í atvinnulífi og samfélagsgerð og styrkja starfsemi Rannsóknasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni. Gerð var langtímaáætlun um fjármögnun skólans til samanburðar við háskóla í OECD-ríkjum og á Norðurlöndum. Ég vil þakka Jóhönnu Sigurðardóttur, Steingrími Sigfússyni og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur þáverandi forseta Alþingis fyrir þá sæmd sem Háskóla Íslands var sýnd á aldarafmælinu. Þá vil ég þakka Helga Bernódussyni, skrifstofustjóra Alþingis, hjartanlega starf hans að þessu máli og velvild í garð skólans fyrr og síðar.

Í október 2011, tveimur dögum fyrir aldarafmælishátíð í Hörpu, bárust þau tíðindi að Háskóli Íslands hefði komist á matslista Times Higher Education World University Rankings. Á listanum birtast nöfn þeirra 400 háskóla sem hæst eru metnir af 17.000 háskólum í heiminum. Háskóla Íslands var raðað í sæti nr. 277 og hefur síðan hækkað um sjö sæti á listanum. Þetta er árangur stefnufestu starfsfólks, uppbyggingar doktorsnáms, víðtækrar samvinnu við alþjóðlegar vísindastofnanir og innlendar stofnanir, en þeirra stærstar eru Landsspítali, Íslensk erfðagreining, Hjartavernd og Matís. Fyrir þetta vil ég þakka. Þakka Páli Matthíassyni fyrir að vera hér.

Mig langar að þakka forseta Íslands fyrir stuðning hans við skólann og hvatningu. Hann hefur skynjað þau tækifæri sem árangur skólans á alþjóðavettvangi skapar fyrir skólann og samfélagið. Ég vil sérstaklega þakka forseta fyrir stuðning á aldarafmælinu og fyrir að hafa hvatt til þess að afrakstur doktorsnáms yrði sýnilegri.

Í öllu starfi höfum við haft að leiðarljósi hvernig Háskóli Íslands geti sem best þjónað íslensku samfélagi, stuðlað að framtíðarvelferð með sköpun verðmæta á öllum fræðasviðum. Hvernig við nýtum í senn tækifæri sem blasa við í dag og byggjum upp til framtíðar. Þarna skiptir miklu að geta starfað þvert yfir landamæri faggreina. Við höfum lagt áherslu á að nýta þá faglegu breidd sem er í starfi Háskóla Íslands til að efla samstarf milli ólíkra faggreina, innan skólans og utan, hér innanlands og á alþjóðavettvangi.

Við fögnum þeim áhuga sem atvinnulífið sýnir Vísindagörðum Háskóla Íslands. Þar er nú að verða til kjarni öflugra þekkingarfyrirtækja í sambýli við háskólann og nýja stúdentagarða. Ég vil þakka Hilmari Janussyni, formanni stjórnar Vísindagarða, Eiríki Hilmarssyni og Guðmundi R Jónssyni sérstaklega fyrir þetta kröftuga uppbyggingarstarf.

Háskólinn stendur víðar að uppbyggingu, því í undirbúningi er bygging húsnæðis fyrir heilbrigðisvísindadeildir á lóð Landspítala, fyrir deildir Hugvísindasviðs í Húsi íslenskra fræða og í húsi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Þar verður einnig Alþjóðleg

tungumálamiðstöð. Um leið og ég óska Vigdísi til hamingju með 35 ára kosningaafmælið, vil ég þakka henni fyrir ötult starf og ósérhlífni í þágu Háskóla Íslands.

Ég vil þakka Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningamálaráðherra, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni og ríkisstjórn hans fyrir þann stórhug að hafa í stjórnarsáttmála kveðið á um að fylgja ákvæðum um Aldarafmælissjóð Háskóla Íslands. Ég finn að hugur fylgir máli og fyrir það vil ég þakka. Í samningnum er gert ráð fyrir að ríkið leggi til nýtt fjármagn til að ná markmiðum og að skólinn afli aukinna sértekna. Nú þegar hillir undir að skólinn hafi staðið við sinn hluta með hertri sókn í erlenda rannsóknasjóði, uppbyggingu Vísindagarða, framlögum úr styrktarsjóðum og stuðningi velgjörðarmanna og nýjum leiðum til fjármögnunar rannsóknaverkefna og sprotafyrirtækja.

Ég vil þakka starfsfólki mennta- og menningamálaráðuneytis fyrir gjöfult samstarf sem og starfsfólki forsætisráðuneytis. Ég þakka nágrönnum okkar og kærum samstarfsaðilum - Þjóðminjasafni, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Þjóðarbókhlöðu.

Ég vil þakka því frábæra fólki sem hefur setið í háskólaráði síðastliðin 10 ár fyrir ómetanleg störf við stjórnun og styrkingu skólans. Ég þakka forsetum hinna 5 fræðasviða Háskóla Íslands, núverandi og fyrrverandi, og öllum deildarforsetum fyrir öflugt leiðtogastarf á undanförunum 10 árum.

Það er einn maður sem ég á eftir að þakka. Einar Sigurðsson, eiginmaður minn, hefur vakað með mér yfir hagsmunum Háskóla Íslands og verið skólanum ómetanlegur bakhjarl og vinur.

Kæra samstarfsfólk,

Við hófum þessa tíu ára vegferð saman með því að blása til sóknar á tímum bjartsýni. Þrátt fyrir mótbyr, efnahagshrun og ótal afleiðingar þess hefur okkur tekist að halda sókninni áfram. Ég vil þakka fyrir að hafa fengið að taka þátt í þessari vegferð.

Góðir gestir,

Nú hefst nýr kafli í starfi Háskóla Íslands. Jón Atli Benediktsson hefur allt til að bera til að leiða þessa merkilegu stofnun. Hann hefur verið aðstoðarrektror vísinda og kennslu og þekkir skólann vel. Hann er virtur vísindamaður hér heima og á alþjóðavettvangi og hefur leiðbeint doktorsnemunum hvaðanæva úr heiminum. Hann hefur komið að stofnun og stjórnun nýsköpunarfyrirtækja. Það eru einstaklingar eins og Jón Atli sem hafa gert Háskóla Íslands að þeirri sterku stofnun sem hún er í dag.

Ég endurtek þakkir til alls starfsfólks skólans og stúdenta. Ég hvet ykkur til að standa þétt við bakið á nýjum rektor, bæði í **meðbyr og mótvindi**.

Ég óska Jóni Atla og Háskóla Íslands gæfu og góðs gengis í þeim kafla sem nú er að hefjast.

Jón Atli, má ég biðja þig að koma á sviðið og taka við keðjunni sem er tákn rektorsembættisins.